

## **Kennsluáætlun**

**Reikningur/formfræði.**

**Skólaárið 2024-2025**

**Tveir tímar eru í töflu á viku auk þess sem reiknisloturnar í vetur eru 4 og þá er reikningur kenndur í aðal kennslustund.**

**3-4 bekkur**

**Kennari Ása Hlín Svavarsdóttir**

### **Lýsing á tilhögun kennslunnar:**

- Unnið verður í Sprotu bókum og gerðar sameiginlegar æfingar á töflu í tímunum á þriðjudögum sem eru tveir samliggjandi. Í lotum verður unnið meira verklega, farið á hina ýmsu staði og kannanir gerðar, unnið með spil teninga, smíðað, mælt og bakað. Kennsluáætlanir verða sendar heim í byrjun hverrar reiknislotu. Einnig verður greint frá framgangi verkefna í vikulok bréfum.

### **Námsefni:**

#### **3.bekkur**

- reikniaðferðirnar fjórar
- hugarreikningur
- eining, tugir, hundruð og þúsund
- leggja saman tuga tölur og hundruð
- að skipta tölum upp í einingu-tug og hundruð
- tíminn og klukkan
- speglun og mynstur
- greining og línurit

Auk ofangreinds

#### **4.bekkur**

- þrívídd
- að skrá niðurstöður úr könnunum
- geómetrísk form og ummál
- verð gildi peninga
- námundun

### **Kennsluáætlun:**

Smá fyrirlestrar við töflu, verkelegar æfingar, unnið með spil og teninga og fl.

### **Ítarefni:**

Hjerte for Matte (Fra regneundervisningen i Steinerskolen - 2. Til 4 Klasse) e. Fennu Lammers.

## Sproti kennsluleiðbeiningar

Spilastokkurinn - hugmyndabanki fyrir kennara um hvernig kenna má stærðfræði með spilum. Sigrún Helga Kristjánsdóttir og Valdís Ingimarsdóttir, Kennaradeild

Menntavísindasvið Háskóla Íslands júní 2012

<https://hdl.handle.net/1946/13107>

**Verkefni:** Bókleg og verkleg.

### **Hæfniviðmið:**

Að nemandi hafi-

- kunnáttu í því að beita reinknisaðferðunum fjórum
- getu til að reikna í huganum, dæmi við hæfi
- skilning á muninum á einingu, tugi, hundruð og þúsunda
- kunnáttu til þess að skipa tölum í einingar, tugi og hundruð, leggja saman og draga frá
- kunnáttu á gangi ársins, mánuðum og vikum. Kunni á klukku.
- skilning á hvað átt er við þegar talað er um speglun í formfræði
- hafi innsýn og skilning á tilgangi kannanna, greininga og línurita (4.bekkur)
- skilning á hvað átt er við þegar talað er um þrívídd og getu til að teikna einfalda mynd í þrívídd
- og viti hvað er átt við þegar fyrirbærið geometrisk form ber á góma og geti teiknað nokkur einföld ef beðinn er um það
- góða innsýn og kunnáttu í verðgildi peninga
- kunnáttu í að námunda upp og niður í tugi og hundruð

### **Námsmat:**

Virkni og vinnubrögð

Skilningur

Símat á verkefnum, verklegum og bóklegum

Samvinna og samskipti við kennara og samnemendur

Hugmyndaauðgi og sköpun